



Reykjavík, 31. janúar 2019
R18110153
6631
HBL/dmh

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Fossvogur - Brú - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 31. janúar 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. janúar 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. janúar 2019 á tillögu að deiliskipulagi vegna lagningu brúar yfir Fossvog, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sjálfstæðisflokkur leggur ríka áherslu á samgöngubætur fyrir fjölbreyttar samgöngur en samgönguvandi borgarinnar hefur vaxið gífurlega síðustu ár. Væntingar standa til þess að Fossvogsbrú verði mikil samgöngubót fyrir höfuðborgarsvæðið. Áformað er að flutningsgeta brúarinnar verði slík að draga muni úr umferðarálagi og hvetja muni fólk til að nýta vistvæna samgöngumáta. Þó liggur ekki fyrir hvernig staðið verður að fjármögnun mannvirkisins sem talið er að kosti 2.500 milljónir. Mikilvægt er að kalla fram skýr svör frá ríki og Kópavogsbæ um skiptingu kostnaðar við uppbyggingu brúarinnar, en talsverð óvissa er um fjármögnun.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fossvogsbrú hefur frá upphafi verið hugsuð sem leið fyrir virkar samgöngur, það er að segja fyrir fótgangandi og hjólandi vegfarendur og vistvænar almenningssamgöngur. Mikilvægt er að hleypa ekki almennri bílaumferð um hana. Fossvogsbrúin verður því mikil samgöngubót á höfuðborgarsvæðinu og afar ánægjuleg tímamót að sveitarfélögin samþykki endanlega sameiginlegt deiliskipulag sem mun tengja saman Reykjavík og Kópavog með vönduðu samgöngumannvirki.


Helga Björk Laxdal

e.u.